

Kaldrananeshreppur

Sveitarstjórnarfundur 12.júní 2002

Miðvikudaginn 12. júní 2002 kom nýkjörin sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 1. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi.

Nýkjörna sveitarstjórn skipa Guðmundur B. Magnússon, Jenný Jensdóttir, Sunna Einarsdóttir, Guðbrandur Sverrisson og Óskar Torfason.

Guðmundur B. Magnússon sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórn af þeim sem kjörnir voru í sveitarstjórn í kosningunum þann 25. maí s.l. boðaði til fundar og stýrði honum.

Fundargerð ritaði Jenný Jensdóttir.

Dagskrá:

1. Oddvitakjör:

Oddviti var kjörinn Guðmundur B. Magnússon.
Varaoddviti kjörin Jenný Jensdóttir.

2. Nefndakosning.

Til eins árs:

Kjörstjórn við alþingiskosningar:

Aðalmenn:

Ingólfur Andrésson, formaður
Sigurbjörg Halldórsdóttir
Magnús Rafnsson

Varamenn:

Birgir Guðmundsson
Aðalbjörg Steindórsdóttir
Svandís Jóhannsdóttir

Til tveggja ára:

Fulltrúar á Fjórðungsþing Vestfirðinga:

Guðmundur B. Magnússon
Jenný Jensdóttir
Óskar Torfason
Sunna Einarsdóttir
Guðbrandur Sverrisson

Til fjögurra ára:

Bókasafnsnefnd:

Aðalmenn:

Magnús Rafnsson
Helga Arngrímsdóttir
Auður Höskuldsdóttir

Varamenn:

Erna Arngrímsdóttir
Hólmfríður Smáradóttir
Pálmi Sigurðsson

Magnús Rafnsson kallar nefndina saman til fyrsta fundar. Nefndin skiptir með sér verkum.

Búfjárefntirlitsmaður:

Aðalmaður:

Pálmi Sigurðsson

Varamaður:

Guðbrandur Sverrisson

Félagsmálanefnd:

Aðalmenn:

Jenný Jensdóttir
Óskar Torfason
Sigurbjörg Halldórsdóttir

Varamenn:

Sunna Einarsdóttir
Haraldur Ingólfsson
Magnús Rafnsson

Jenný Jensdóttir kallar nefndina saman til fyrsta fundar. Nefndin skiptir með sér verkum.

Fjallskilaneftnd:

Aðalmenn:

Guðbrandur Sverrisson
Baldur Sigurðsson
Ingólfur Andrússon
Ingi Vífill Ingimarsson
Svanur H. Ingimundarson

Varamenn:

Árni Baldursson

Haraldur Ingólfsson
Erna Arngrímsdóttir
Óskar Torfason
Lilja Jóhannsdóttir

Guðbrandur Sverrisson kallar nefndina saman til fyrsta fundar. Nefndin skiptir með sér verkum.

Hafnarnefnd:

Aðalmenn:

Friðgeir Höskuldsson
Guðmundur R. Guðmundsson
Jenný Jensdóttir

Varamenn:

Jón Magnússon
Hermann Ingimundarson
Magnús Ásbjörnsson

Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar:

Aðalmenn:

Ingólfur Andrésson, formaður
Sigurbjörg Halldórsdóttir
Magnús Rafnsson

Varamenn:

Birgir Guðmundsson
Aðalbjörg Steindórsdóttir
Svandís Jóhannsdóttir

Skipulags- og byggingarnefnd:

Aðalmenn:

Jón H. Elíasson
Guðbrandur Sverrisson
Ásbjörn Magnússon

Varamenn:

Magnús Rafnsson
Óskar Torfason
Hilmar Hermannsson

Jón H. Elíasson kallar nefndina saman til fyrsta fundar . Nefndin skiptir með sér verkum.

Skoðunarmenn:

Aðalmenn:

Tryggvi Ólafsson
Sigurbjörg Halldórsdóttir

Varamenn:

Birgir Guðmundsson
Auður Höskuldsdóttir

Skólanefnd Drangnesskóla:

Aðalmenn:

Óskar Torfason
Helga Arngrímsdóttir
Guðjón Vilhjálmsson

Varamenn.

Hermann Ingimundarson
Eva K. Reynisdóttir
Hólmfríður Smáradóttir

Óskar Torfason kallar nefndina saman til fyrsta fundar. Nefndin skiptir með verkum.

Héraðsnefnd Strandasýslu:

Aðalmaður:

Guðmundur B. Magnússon

Varamaður:

Jenný Jensdóttir

Landsþing Sambands ísl. Sveitarfélaga:

Aðalmaður:

Guðmundur B. Magnússon.

Varamaður:

Jenný Jensdóttir

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið.

Kaldrananeshreppur

Sveitarstjórnarfundur 3.júlí 2002

Miðvikudaginn 3. júlí 2002 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 2. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi.

Oddviti Guðmundur B. Magnússon setti fund kl. 20 og stýrði honum samkvæmt boðaðri dagskrá.

Oddviti bar upp afbrigði frá boðaðri dagskrá. Bar hann upp þá tillögu að fundargerðir sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps yrðu framvegis ritaðar á tölvu. Tillagan samþykkt.

Eftirtaldir sveitarstjórnarmenn sátu fundinn: Guðmundur B. Magnússon, Jenný Jensdóttir, Sunna Einarsdóttir, Guðbrandur Sverrisson og Óskar Torfason.

Fundargerð ritaði Jenný Jensdóttir.

Dagskrá:

3. Fundargerð sveitarstjórnar frá 12. júní s.l.
Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.
4. Fundargerðir nefnda.
Fundargerð skólanefndar frá 24. júní 2002.
Fundargerðin afgreidd athugasemdalaust
5. Málefni Grunnskólans. Tölvumál – kennararáðing.
 - a. Tölvumál: Snerpa ehf á Ísafirði var fengin til að vinna skýrslu með ástandslýsingu og tillögum að úrbótum á tölvumálum skólans. Farið yfir skýrsluna og samþykkt að fá frekara álit á þessari skýrslu frá fleiri aðilum. Oddviti bar upp tillögu um að setja aukið fjármagn til tölvumála í skólanum. Tillagan samþykkt.
 - b. Kennararáðning: Ekki er búið að ráða kennara í skólann fyrir næsta ár en skólastjóri er að vinna að málinu.
 - c. Annað: Úttekt á Grunnskólanum, tímafjölda og fleiru í því sambandi. Fulltrúi frá skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar er væntanleg til að fara yfir þessi mál og mun að því loknu skila skýrslu til sveitarstjórnar.
6. Bréf frá Landskerfi bókasafna hf.
Borist hefur bréf frá Landskerfi bókasafna hf. dags. 24. maí s.l. Er sveitarfélaginu boðið að eignast hlut í félaginu og kostar sá hlutur kr. 34.471.- Sveitarstjórn var áður búin að samþykkja að gerast aðili að þessu félagi og hafði tilkynnt það þeim sem að undirbúningi þessa félags stóðu en sendi ekki fulltrúa á stofnfund sem haldinn var í sl.haust.
Fundurinn samþykkti að sveitarfélagið gerðist hluthafi. Oddvita falið að ganga í málið.

7. Bréf frá Samgönguráðuneytinu.

Borist hefur bréf frá Samgönguráðuneytinu dags.22.maí s.l varðandi styrki til vetrarsamgangna. Lagt fram til kynningar.

8. Oddvita og nefndarlaun.

Oddviti gerði grein fyrir oddvita og nefndarlaunum eins og þau hafa verið síðan 1998. Til viðmiðunar hefur verið þingfararkaup eins og það er á hverjum tíma. Frá 1. júní s.l er þingfararkaup kr. 344.597.- á mánuði

Oddvitalaun eru 15% af þingfararkaupi m.v 30 klst vinnu á mánuði. Sveitarstjórnarmaður fær fyrir hvern fund 2,5% af þingfararkaupi og oddviti 5% . Nefndarmenn 1% fyrir hvern fund og formenn nefnda 1,5%.

Oddviti lagði fram tillögu um að sama viðmiðun gilti áfram og var það samþykkt samhljóða.

9. Staða framkvæmda og ýmissa verkefna.

Oddviti gerði grein fyrir stöðu framkvæmda og ýmissa verkefna sem í gangi eru í sveitarfélaginu.

Fundargerð lesin upp og samþykkt. Fleira ekki fyrirtekið. Fundi slitið kl.22.50

Kaldrananeshreppur

Sveitarstjórnarfundur 21. ágúst 2002

Miðvikudaginn 21. ágúst 2002 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 3. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi.

Oddviti Guðmundur B. Magnússon setti fund kl. 20 og stýrði honum samkvæmt boðaðri dagskrá í 9 liðum. Svohljóðandi:

1. Fundargerð sveitarstjórnar frá 3.júlí s.l
2. Fundargerðir nefnda
3. Kaupsamningur vegna Aðalbrautar 8.
4. Samningur við Vegagerðina um veghald.
5. Fjórðungsping Vestfirðinga.
6. Bréf frá eigendum Sunnudals.
7. Samningur um ábúðarlok á Klúku
8. Bréf frá Sorpsamlagi Strandasýslu.
9. Tillaga að byggingabréfi v.Klúku

Eftirtaldir sveitarstjórnarmenn sátu fundinn: Guðmundur B. Magnússon ,Jenny Jensdóttir, Sunna Einarsdóttir, Guðbrandur Sverrisson og Óskar Torfason.
Fundargerð ritar Jenny Jensdóttir.

Oddviti leitaði afbrigða frá boðaðri dagskrá.

- 1 Fjárbeiðni frá aðilum sem eru að rita sögu smábátaútgerðar á Íslandi.
- 2.Styrkbeiðni frá félagi eldri borgara í Strandasýslu.
3. Dagskrá kvöldfundar um skólamál
4. Fundarboð frá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða

Afbrigði frá samþykktri dagskrá samþykkt samhljóða.

Var þá gengið til dagskrár.

10. Fundargerð sveitarstjórnar frá 3. júlí s.l
Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

11. Fundargerðir nefnda.
a. Fundargerð skólanefndar frá 9.júlí 2002.
Fundargerðin afgreidd athugasemdalaust

b. Fundargerð skipulags og byggingarnefndar frá 25.júlí s.l
Fundargerðin afgreidd athugasemdalaust

12. Kaupsamningur vegna Aðalbrautar 8.
Kaupsamningur vegna kaupa Kaldrananeshrepps á húseigninni Aðalbraut 8 Drangnesi. Samkvæmt honum kaupir Kaldrananeshreppur húseignina af Jóni Ólafssyni á kr. 1.750.000.- sem greiðist þannig. Ein milljón við undirskrift og 750.000 greiðast þann 1. ágúst 2003

Samþykkt með 4 greiddum atkvæðum . Einn sat hjá.

13. Samningur við Vegagerðina um veghald.
Fyrir liggur samningur Vegagerðarinnar og Kaldrananeshrepps um veghald á Drangsnesevi nr. 645 um Drangsnesevi á 0,75 km löngum kafla. Samningurinn borinn upp og samþykktur.
1. Fjórðungssþing Vestfirðinga.
Fjórðungssþing Vestfirðinga verður haldið í Bolungarvík 30. og 31. ágúst n.k. Kjörbréf v sveitarstjórnarmanna í Kaldrananeshreppi hefur verið sent sambandinu.
2. Bréf frá eigendum Sunnudals.
Ragnar Ölver Ragnarsson og Sunna Vermundsdóttir hafa fyrir hönd eigenda Sunnudals ritað sveitarstjórn Kaldrananeshrepps bréf þar sem þau fara þess á leit við Kaldrananeshrepp að lagfærður verði vegur í landi Skarðs sem liggur að Sunnudal.
Oddvita falið að skrifa bréfriturum og tjá þeim að Kaldrananeshreppur hafi ekki í hyggju neinar vegabætur í landi Skarðs.
3. Samningur um ábúðarlok á Klúku.
Kaldrananeshreppur og Pálmi Sigurðsson Klúku hafa gert með sér samkomulag um lok ábúðar, fjárhagslegt fullnaðaruppgjör og frágang jarðarinnar Klúku vegna ábúðarloka Pálma á jörðinni.
Endanleg viðmiðunarfrjárhæð miðað við matsgerð úttektarmanna og með hækkun byggingarvísitölu frá matsdegi að undirskrift samnings á heildareign Pálma Sigurðssonar þ.e íbúðarhús, loðdýrahús, ræktun og heitavatnslögn er kr. 9.226.150.-
Áhvílandi veðskuldir sem Kaldrananeshreppur yfirtekur við samninginn eru kr. 6.010.823.- Kaldrananeshreppur greiðir Pálma Sigurðssyni mismuninn að frádregnum helmings kostnaði við matsgerð úttektarmanna alls kr. 3.129.596.- Vísað er til 6. gr samkomulagsins um skil á íbúðarhúsinu Klúku.
Samningurinn borinn upp og samþykktur.
- Húsaleigusamningur Pálma Sigurðssonar og Kaldrananeshrepps vegna íbúðarhússins Klúku hefur verið undirritaður og er hér lagður fram til kynningar.
4. Bréf frá Sorpsamlagi Strandasýslu.
Borist hefur bréf frá Sorpsamlagi Strandasýslu þar sem leitað er eftir álit og samþykkis sveitarfélaganna til kaupa á nýrri sorpbifreið og hugmyndum um fjármögnun.
Hreppsnefnd Kaldrananeshrepps vill að kannaður verði sá möguleiki að gera við bifreið sorpsamlagsins og ákvörðunum um kaup á nýrri bifreið frestað.
5. Tillaga að bygginabréfi v.Klúku:
Oddviti lagði fram tillögu að byggingabréfum vegna jarðarinnar Klúku í Bjarnarfirði. Þar er jörðin leigð 4 sauðfjárbændum í hreppnum. Guðbrandi

Sverrissyni, Svani H. Ingimundarsyni, Baldri Sigurðssyni og Inga V. Ingimarssyni. Leigusamningarnir eru til 5 ára. Greiðslumark jarðarinnar 104,1 ærgildisafurð fylgir með í samningum þessum.

Undanskilið frá leigu er eftirtalið.

- a. Þinglýstir leigusamningar og aðrar þinglýstar kvaðir.
- b. Allur húsakostur á jörðinni, ásamt 1720 ferm. lóð umhverfis íbúðarhúsið.
- c. Öll ræktun og tún.
- d. Öll námuréttindi.
- e. Allur veiðiréttur
- f. Öll jarðhitaréttindi.

Öll ræktun og tún á jörðinni Klúku verði leigð Baldri Sigurðssyni og skal hann viðhalda girðingum eftir því sem þörf krefur.

Guðbrandur Sverrisson lýsti sig vanhæfan og vék af fundi.

Tillagan samþykkt samhljóða.

6. Fjárbeiðni frá aðilum sem eru að rita sögu smábátaútgerðar á Íslandi. Samúel Ingi Þórisson útgefandi leitar eftir fjárstuðningi til ritunar sögu smábátaútgerðar á Íslandi. Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps hafnar þessari fjárbeiðni.
7. Styrkbeiðni frá félagi eldri borgara í Strandasýslu: Félag eldri borgara sækir um styrk til starfsemi sinnar. Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps samþykkir að veita félagi eldri borgara kr. 30.000.- í styrk.
8. Dagskrá kvöldfundar um skólamál föstudag 23.ágúst n.k: Kynning á greinargerð um viðmið og mat á kennslu magni í Grunnskólanum Drangnesi sem sveitarstjórn fékk Krístrúnu Lind Birgisdóttur til að vinna .
9. Fundarboð frá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða. Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða boðar til fundar með sveitarstjórnarmönnum á Hólmavík föstudag 23.ágúst n.k

Fleira ekki tekið fyrir

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl.24

Kaldrananeshreppur

Sveitarstjórnarfundur 08. október 2002

Þriðjudaginn 8. október 2002 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 4. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi.

Oddviti Guðmundur B. Magnússon setti fund kl. 20 og stýrði honum samkvæmt boðaðri dagskrá í 12 liðum. Svohljóðandi:

1. Fundargerð sveitarstjórnar frá 21. ágúst s.l
2. Fundargerðir nefnda
3. Tölvuskráning fundargerða.
4. Bréf frá Landbúnaðarráðuneytinu.
5. Bréf frá Nýsi hf. Um úthlutun byggðakvóta.
6. Styrkbeiðni frá Sögu bílsins.
7. Styrkbeiðni frá Forvarnarverkefni námsmanna Íslandi.
8. Bréf frá Jafnréttisstofu.
9. Skýrsla frá Vinnueftirlitinu
10. Greinargerð KLB um Grunnskólann og tölvumál.
11. “Heitu pottarnir”
12. Til kynningar:
 - a. Bréf frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga
 - b. Kjarakönnun SÍS
 - c. Bréf frá umferðarfulltrúa Vestfjarða
 - d. Bréf frá Orkubúi Vestfjarða
 - e. Fundargerð Heilbrigðisnefndar vestfjarða
 - f. Bréf frá Íþróttta og ólympíusambandi Íslands
 - g. Bréf frá Starfsmannafélagi Orkubús Vestfjarða
 - h. Aðalfundur Laugarhóls ehf
 - i. Aðalfundarboð Sorpsamlags Strandasýslu.

Eftirtaldir sveitarstjórnarmenn sátu fundinn: Guðmundur B. Magnússon, Jenny Jensdóttir, Sunna Einarsdóttir, Guðbrandur Sverrisson og Óskar Torfason. Fundargerð ritar Jenny Jensdóttir.

Var þá gengið til dagskrár.

1. Fundargerð sveitarstjórnar frá 21. ágúst s.l
Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.
2. Fundargerðir nefnda.
 - a. Fundargerð Félagsmálanefndar frá 28.8.2002.
Fundargerðin sem er í 4 liðum afgreidd athugasemdalaust.
 - b. Fundargerð Félagsmálanefndar frá 16. 9.2002.
Fundargerðin sem er í 2 liðum afgreidd athugasemdalaust.

c.Fundargerð Fjallskilaneftndar frá 6.9.2002
Fundargerðin sem er í 3 liðum afgreidd athugasemdalaust.

3. Tölvuskráning fundargerða:
Oddviti lagði fram tillögu um að fundargerðir sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps verði framvegis skráðar í tölvu og miðist tölvuskráning þeirra við upphaf yfirstandandi kjörtímabils.
Tillagan samþykkt samhljóða.
4. Bréf frá Landbúnaðarráðuneytinu:
Landbúnaðarráðherra skipaði nú nýverið nefnd til að semja reglugerð um starfssvæði búfjárefirlits og framkvæmd þess eins og gert er ráð fyrir í lögum nr. 103/2002 . Meðal markmiða laganna er að fækka búfjárefirlitssvæðum landsins og fylgja bréfinu tillögur nefndarinnar um skiptingu landsins í búfjárefirlitssvæði.
Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps gerir ekki athugasemdir við þessi drög að skiptingu landsins í búfjárefirlitssvæði en þar er gert ráð fyrir að Strandasýsla verði eitt búfjárefirlitssvæði.
5. Bréf frá Nýsi hf. Um úthlutun byggðakvóta:
Nýsir hf fer þess á leit við Kaldrananeshrepp, sbr 6. gr. fyrrgreinds samnings, að hann láti í ljós álit sitt á því hvort skilyrði samninga hafi verið efnd á síðasta fiskveiðiári og hvort forsendur séu fyrir því að úthluta aftur á grundvelli hans til sömu aðila.
Óskar Torfason lýsti sig vanhæfan og vék af fundi.
Það er álit sveitarstjórnar að skilyrði samningsins hafi verið efnd varðandi síðasta fiskveiðiár. Sveitarstjórnin mælir með því að úthlutun byggðakvóta til þeirra tveggja fiskvinnslufyrirtækja sem fengu úthlutað byggðakvóta á síðasta fiskveiðiári verði eins. Til Fiskvinnslunnar Drangs ehf 86 % og Fiskverkunar Guðjóns Vilhjálmssonar 14%. En leitað verði eftir tillögum frá fyrirtækjunum um skiptingu kvótans á báta.
6. Styrkbeiðni frá Sögu bílsins:
Til stendur í tilefni 100 ára sögu bílsins á Íslandi að gefa út bók um sögu bílsins þessi 100 ár og er með bréfi þessu farið fram á fjárstyrk til ritunar.
Sveitarstjórn hafnar þessari beiðni um fjárstyrk.
7. Styrkbeiðni frá Forvarnarverkefni námsmanna á Íslandi:
Námsmannahreyfingar á Íslandi ætla að sameinast í því að gefa út bækling um þær hættur og sjúkdóma sem steðja að ungu fólki í nútímasamfélagi.
Er í bréfinu boðin styrktarlína kr.10.000.-
Sveitarstjórn hafnar þessari beiðni um fjárstyrk.
8. Bréf frá Jafnréttisstofu:

Jafnréttistofa býður nýskipuðum jafnréttisnefndum sveitarfélaga upp á námskeið um jafnréttisstarf sveitarfélaga á Ísafirði 21.október n.k

9. Skýrsla frá Vinnueftirlitinu:
Borist hefur eftirlitsskýrsla v. Grunnskólans á Drangnesi frá vinnueftirliti dags. 26.9.2002 Skýrslan er í 10 liðum og gefinn frestur til 15.nóv n.k að uppfylla þau.
Skýrslan lögð fram til kynningar.

10. Greinargerð KLB: um Grunnskólann og tölvumál:

Kristrún L. Birgisdóttir vann í sumar fyrir sveitarfélagið úttekt á kennslumagni og stöðugildum í Grunnskólanum á Drangnesi ásamt því að setja fram hugmyndir um breytt fyrirkomulag sem fyrst og fremst felur í sér að kennt verði í tveimur samkennsluhópum í stað þriggja eins og nú er. Samþykkt að óska eftir því við skólastjóra og skólanefnd að taka greinargerðina til umfjöllunar og sérstaklega verði óskað eftir álitum á hugmyndum Kristrúnar um að kennt verði í tveimur samkennsluhópum. Æskilegt er að skólanefnd og skólastjóri skili álitum sínum til sveitarstjórnar fyrir áramót þannig að nokkur tími verði til að undirbúa breytingar ef af þeim yrði.

Tölvumál: Stefnt skal að því að kaupa skjávarpa í skólann og kannaðir möguleikar á kaupum á fartölvum.

11. Heitu pottarnir: Þegar grjótgarðurinn var hlaðinn breyttist aðstaðan við heitu pottana í fjörunni á Drangnesi. Þeir voru teknir í burtu og settir til bráðabirgða í vegkantinn. Samþykkt að setja upp nýja potta í grjótgarðinn og ganga vel frá þeim. Áætlaður kostnaður er kr. 1.200.000.-

12. Bréf til kynningar:

- a. Bréf frá Fjórðungssamband Vestfirðinga.
- b. Kjarakönnun SíS
- c. Bréf frá umferðarfulltrúa Vestfjarða
- d. Bréf frá Orkubúi Vestfjarða
- e. Fundargerð Heilbrigðisnefndar frá 13.september s.l
- f. Bréf frá Íþrótt- og ólympíusambandi Íslands
- g. Bréf frá SOV
- h. Aðalfundur Laugarhóls ehf
- i. Aðalfundarboð Sorpsamlags Strandasýslu.

13. Aukinn snjómokstur:

Samþykkt að fara fram á það við Samgönguráðherra og yfirvöld vegamála að snjómokstur á Drangnesvegi verði a.m.k 6 daga vikunnar.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 24

Kaldrananeshreppur

Sveitarstjórnarfundur 13. nóvember 2002

Miðvikudaginn 13. nóvember 2002 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 5. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi.

Oddviti Guðmundur B. Magnússon setti fund kl. 20 og stýrði honum samkvæmt boðaðri dagskrá í 7 liðum. Svohljóðandi:

1. Fundargerð sveitarstjórnar frá 8. október s.l
2. Fundargerðir nefnda
3. Bréf frá Guðjóni Vilhjálmsyni.
4. Hlutabréfakaup í Eignarhaldsfélaginu Glámu ehf.
5. Umsögn um frumvarp til sveitarstjórnarlaga.
6. Aðalfundur Sorpsamlags Strandasýslu.
7. Til kynningar:
 - a. Yfirlitsskýrsla um sjóvarnir.
 - b. Bréf frá skipulagsstofnun.
 - c. Úthlutun tekjujöfnunarframlaga 2002
 - d. Fundargerðir ATVEST
 - e. Fundargerð Heilbrigðisnefndar vestfjarða
 - f. Fundargerð stjórnar SÍS nr. 697
 - g. Fundargerð Launaneftdar sveitarfél. Nr. 182.
 - h. Fundargerð Samstarfsneftdar LS og KÍ nr 50.

Eftirtaldir sveitarstjórnarmenn sátu fundinn: Guðmundur B. Magnússon ,Jenný Jensdóttir, Sunna Einarsdóttir, Guðbrandur Sverrisson og Óskar Torfason.

Fundargerð ritar Jenný Jensdóttir.

Var þá gengið til dagskrár:

1. Fundargerð sveitarstjórnar frá 8. okt. s.l

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

2. Fundargerðir nefnda:

Engar fundargerðir nefnda lágu fyrir fundinum.

3. Bréf frá Guðjóni Vilhjálmsyni.

Guðjón Vilhjálmsson skrifar sveitarstjórn bréf dags: 8.11.2002

Er hann ósáttur við þá skiptingu byggðakvótans milli fyrirtækjanna á staðnum sem verið hefur undanfarin ár og gerir hann fyrirvara við þá ákvörðun sveitarstjórnar að mæla með því við Byggðastofnun að úthluta byggðakvótanum með þeim hætti. Hefur hann kært til umboðsmanns Alþingis þá málsmeðferð sem hann hefur

fengið við þeirri kröfu að skipting byggðakvótans milli fyrirtækjanna verði endurskoðuð.

Sveitarstjórn fjallaði um málið og samþykkir eftirfarandi bókun um .

“Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps er ekki full ljóst hvaða gildi slíkur fyrirvari bréfrítara hefur varðandi úthlutun byggðakvóta í sveitarfélaginu á yfirstandandi kvótaári, en ákvörðun sveitarstjórnar stendur óbreytt. Sveitarstjórnin telur þó að undirritun samkomulags sem árlega er gert um skiptingu byggðakvóta, feli í sér endanlega sátt við þá úthlutun, ella væri undirritunin gagnslaus. Að því gefnu að Guðjón Vilhjálmsson undirriti ekki samkomulagið nema með fyrirvara virðist ekki hægt að ganga frá úthlutun byggðakvótans fyrr en niðurstaða er fengin í kærú hans til Umboðsmanns Alþingis.”

Oddvita falið að svara bréfi Guðjóns Vilhjálmssonar og kynna honum bókun sveitarstjórnar.

3. **Hlutafjárkaup í Eignarhaldsfélaginu Glámu ehf:**

Guðmundur Magnússon oddviti og Óskar Torfason lýstu sig vanhæfa og véku af fundi.

Varaoddviti Jenný Jensdóttir tók við fundarstjórn og bar upp eftirfarandi tillögu:

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps samþykkir að leggja fram hlutafé í Eignarhaldsfélagið Glámu ehf. kr. 20.500.000,-, en með því m.a. er tryggt að Eignarhaldsfélagið Gláma ehf. leggi fram hlutafé í Útgerðarfélagið Skúla ehf. á Drangnesi alls kr. 55.000.000,-

Jafnframt samþykkir sveitarstjórnin að leggja fram kr. 100.000,- í hlutafé í Útgerðarfélagið Skúla ehf.

Þessi tillaga er m.a. byggð á samþykkt sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps frá 28. apríl 2002, þar sem ákveðið var að leggja fram hlutafé til slíkra hluta allt að kr.20.000.000,-. Tilgangur þessa er eins og áður hefur komið fram að efla útgerð í sveitarfélaginu með því að kaupa veiðiheimumildir og eftir atvikum gera út eða leigja aflaheimildir, útgerð og fiskvinnslu í sveitarfélaginu til framdráttar. Til þess að vinna að framangreindum markmiðum er þessa dagana unnið að stofnun Útgerðarfélagsins Skúla ehf. og gert hefur verið tilboð í bát með veiðiheimumildum fyrir kr. 80.000.000,-

Tillagan samþykkt samhljóða.

Oddviti tekur nú aftur við fundarstjórn.

4. **Umsögn um frumvarp til sveitarstjórnarlaga:**

Til umsagnar er frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998 Sveitarstjórn er sátt við framkomið frumvarp og sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við það.

5. **Fundargerð Aðalfundar Sorpsamlags Strandasýslu frá 17.okt.s.l**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

6. **Lagt fram til kynningar:**

- a. Yfirlitsskýrsla um sjóvarnir.
- b. Bréf frá skipulagsstofnun.

- c. Úthlutun tekjujöfnunarframlaga 2002
- d. Fundargerðir ATVEST
- e. Fundargerð Heilbrigðisnefndar vestfjarða
- f. Fundargerð stjórnar SÍS nr. 697
- g. Fundargerð Launanevndar sveitarfél. Nr. 182.
- h. Fundargerð Samstarfsnefndar LS og KÍ nr 50.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 22.25

Kaldrananeshreppur

Sveitarstjórnarfundur 11. desember 2002

Miðvikudaginn 11. desember 2002 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 6. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi.

Oddviti Guðmundur B. Magnússon setti fund kl. 20 og stýrði honum samkvæmt boðaðri dagskrá í 8 liðum. Svohljóðandi:

1. Fundargerð sveitarstjórnar frá 13. nóv. s.l
2. Fundargerðir nefnda.
3. Tekjustofnar sveitarfélgsins 2003.
4. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2002.
5. Fjárhagsáætlun 2003, fyrri umræða.
6. Gjaldskrárbreyting Hitaveitu Drangness – fyrri umræða.
7. Fjárbeiðni frá Stígamótum.
8. Til kynningar:
 - a) Fundargerð Héraðsnefndar Strandasýslu
 - b) Rafrænt samfélag.
 - c) Samkomulag ríkis og sveitarfélaga.
 - d) Tilkynning um heyflutning.
 - e) Samþykktir 47. Fjórðungspings Vestfirðinga

Eftirtaldir sveitarstjórnarmenn sátu fundinn: Guðmundur B. Magnússon, Jenný Jensdóttir, Sunna Einarsdóttir, Guðbrandur Sverrisson og Óskar Torfason.

Fundargerð ritar Jenný Jensdóttir.

Var þá gengið til dagskrár:

1. Fundargerð sveitarstjórnar frá 13.nóv. s.l

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

3. Fundargerðir nefnda:

- a. Fundargerð Félagsmálanefndar frá 28. nóv. S.l
Fundargerðin afgreidd athugasemdalaust.
- b. Fundargerðir skólanefndar frá 25.10 s.l og 11.12.02
Fundargerðirnar afgreiddar athugasemdalaust.

4. Tekjustofnar sveitarfélagsins 2003:

Oddviti lagði fram tillögu að nýtingu tekjustofna árið 2003:

- 1.Útsvar: 13.03%
- 2.Fasteignaskattur:

- a. Íbúðarhús, 0,36% af fasteignamati.
 - b. Aðrar fasteignir, 1% af fasteignamati.
Fasteignaskattur aldraðra, 70 ára og eldri sem búa í eigin húsnæði, verði felldur niður.
Gjalddagar fasteignagjalda verði 5 talsins; 1. febr., 1.,apríl., 1., júní., 1 ágúst og 1., október. Eindagar eru 30 dögum eftir gjalddaga, en dráttarvextir reiknast á vanskil frá gjalddaga.
 - 3.Lóðarleiga Drangneslandi: Lóðarleiga verði 1% af fasteignamati lóðar .
 - 4.Vatnsgjald: Vatnsgjald verði í samræmi við samþykktu gjaldskrá.
 - 5.Sorpgjald: Sorpgjald verði í samræmi við samþykktu gjaldskrá.
- Framlögð: Tillaga um nýtingu tekjustofna samþykkt samhljóða.

5. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2002:

Lögð fram endurskoðuð fjárhagsáætlun yfirstandandi árs þar sem felldar hafa verið inn í áætlunina þær samþykktir sem hafa verið gerðar á yfirstandandi ári eftir að gerð fjárhagsáætlunar lauk.

6. Fjárhagsáætlun 2003, fyrri umræða:

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2003 lögð fram til fyrri umræðu og afgreidd til síðari umræðu.

7. Gjaldskrárbreyting Hitaveitu Drangness – fyrri umræða:

Gjaldskrárbreyting afgreidd til síðari umræðu.

8. Fjárbeiðni frá Stígamótum:

Borist hefur bréf frá Stígamótum með beiðni um fjárstuðning. Fjárbeiðninni hafnað.

9. Til kynningar:

Eftirtalin mál voru lögð fram til kynningar:

- a.Fundargerð Héraðsnefndar Strandasýslu
- b.Rafrænt samfélag.
- c.Samkomulag ríkis og sveitarfélaga í fjármálum.
- d.Tilkynning um heyflutning.
- e. Samþykktir 47. Fjórðungþings Vestfirðinga.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl.21.50